


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Síða 1 af 3		
Félagsfræði (FÉL 403) í fjarnámi		
Námsáætlun (haustönn 2016)		

Nafn kennara:	Hrafnhildur S. Sigurgeirsdóttir	Sk.stöfun:	HRS
----------------------	---------------------------------	-------------------	-----

Áfangalýsing:

Fjallað verður um helstu rannsóknaraðferðir í félagsvísindum; kannanir, djúpvíðtöl, tilraunir, skráðar heimildir og rætt um kosti þeirra og galla.

Bornar verða saman meginlegar og eigindlegar rannsóknir, tengsl þeirra við kenningar skoðuð og hvernig ólíkar aðferðir tengjast mismunandi sjónarmiðum varðandi eðli þekkingar innan félagsfræðinnar.

Rætt verður um aðferðafræðileg og siðferðisleg vandamál tengd rannsóknum og sú umræða tengd gagnrýninni umfjöllun um niðurstöður ýmissa rannsókna.

Rannsóknarferlinum lýst og fjallað um úrvinnslu, greiningu og kynningu gagna.

Meginmarkið er að auka áhuga, þekkingu og skilning nemenda á rannsóknaraðferðum félagsfræðinnar til þess að þeir verði færir um að meta, taka afstöðu til og fjalla á gagnrýninn hátt um rannsóknir félagsvísindamanna og beita þeim í nokkrum mæli.

Efnið verður kynnt með fyrirlestrum, umræðum og verkefnavinnu nemenda.

Nemendur vinna rannsóknarverkefni, þar sem þeir þjálfast í að beita rannsóknaraðferðum félagsvísindanna.


Áhersla er lögð á öguð og sjálfstæð vinnubrögð nemenda.

Námsgögn:

Hvernig veit ég að ég veit? - Félagsfræðikenningar og rannsóknaraðferðir eftir Björn Bergsson 2. prentun 2014 endurskoðuð útgáfa og ýmislegt annað efni sem kennari leggur til.

Áætlun um yfirferð:

Vika	Námsefni (bóklegur hluti)	Verkefni/undirbúningur
36	Formáli, kynning. Námsstílhögun. 1. Kafli skýrður lauslega bls 15-27.	Verkefni skiladagur 11. sept. Gildir 5%
37	Félagslegar spurningar, samhengi kenninga og rannsókna bls. 28-53.	Verkefni skiladagur 18. sept. Gildir 5%
38	Félagslegar spurningar. Brautryðjendur í félagsfræði bls. 23-43.	Verkefni skiladagur 25. sept. Gildir 5%
39	Félagsfræði sem vísindagrein – kenningar bls. 53-133.	Verkefni skiladagur 2. okt. Verkefnið gildir 5%


Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.:23.02.2016		
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 2 af 3	Félagsfræði (FÉL 403) í fjarnámi Námsáætlun (haustönn 2016)	

40	Aðferðir í félagsfræði - eigindlegar aðferðir bls. 135-158.	Skiladagur 9. okt. Gildir 5%
41	Aðferðafræði – megindlegar aðferðir bls. 161-200.	Skiladagur 16. okt. Gildir 5%
42	Rannsóknarverkefni; könnun; tilgáta sett fram bls. 161-181.	Skiladagur 23. okt. Skilgreining hugtaka og Verkefni gildir 5%
43	Lykilhugtök athuguð og skilgreind. Þátttökuathugun rædd, framkvæmd og úrvinnsla.	Skiladagur 30. okt. Verkefni gildir 5%
44	Tegundir úrtaka bls. 169-176. Tegundir kannana; tilraunir og ritaðar heimildir bls. 177-181.	Skiladagur 6. nóv. Verkefni gildir 5%
45	Siðferðileg álitamál tengd rannsóknnum. Réttmæti og áreiðanleiki. Tölfræði og umræður bls. 181-200, 203-230.	Skiladagur 13. nóv. Verkefni gildir 5%
46	Að gera eigin félagsfræðirannsókn bls. 233-259	Skiladagur 20. nóv. Verkefni gildir 20%
47 - 48	Vinna litla rannsókn sem er framhald af verkefninu á undan	Skiladagur 4. des. Völdu efni gerð ítarleg skil gildir 30%

Námsmat og vægi námsþátta:

Matsform: <input checked="" type="checkbox"/> Símat <input type="checkbox"/> Lokapróf/valið lokapróf <input type="checkbox"/> Lokaverkefni		
Námsmatsþættir	Lýsing námsmatsþátta	Vægi
Verkefni	Unnin jafnt og þétt yfir önnina (10 bestu gilda)	50%
Rannsóknar-áætlun	Gerð áætlun fyrir lokaverkefnið	20%
Lokaverkefni	Lokaverkefni unnið og skilað	30%
	Samtals:	100%
Annað:		
Námsvefur VMA (Moodle) er notaður til að halda utan um öll kennslugögn, einkunnir, námsáætlun, glærur, verkefnalýsingar og skil á verkefnum		

Lagt fram með fyrirvara um breytingar og von um gott samstarf á önninni.

Nr.: GAT-045	Verkmenntaskólinn á Akureyri	
Útgáfa: 10		
Dags.: 23.02.2016	Félagsfræði (FÉL 403) í fjarnámi Námsáætlun (haustönn 2016)	
Höfundur: AMJ		
Samþykkt: SHJ		
Síða 3 af 3		

Dagsetning: 6. sept 2016

Hrafnhildur
Undirritun kennara

7/9/16
Þorsteinn Krüger
Undirritun brautarstj., fagstj eða staðgengils